



Reglur

Um þóknun kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn, nefndum og ráðum á vegum Langanesbyggðar

1. gr.

Kjörnir fulltrúar í sveitarstjórn, aðal- og varamenn fá greitt sem nemur 2% af þingfarakaupi fyrir hvern fund eða sérstaklega boðaðan aukafund sem þeir sækja. Nefndarmenn í fastanefndum fá greitt sem nemur 1% af þingfarakaupi. Þær nefndir eru: byggðaráð, velferðar – og fræðslunefnd, skipulags- og umhverfisnefnd, atvinnu- og nýsköpunarnefnd og landbúnaðar- og dreifbýlisnefnd. Fulltrúar í nefndum sem ekki halda reglulega fundi s.s. í hverfisráði, notendaráðum, samráðshópum og sérstökum vinnuhópum skipuðum af sveitarstjórn fá greitt sem nemur 0,5% af þingfarakaupi fyrir hvern fund.

Greitt er sérstaklega fyrir vinnufundi sem varða gerð fjárhagsáætlunar og afgreiðslu ársreikninga en ekki fyrir aðra vinnufundi í sveitarstjórn eða nefndum. Ekki er greitt sérstaklega fyrir upplýsingafundi sem haldnir eru á netinu og nefndarmönnum er ekki skylt eða boðið sérstaklega að sækja. Greitt er fyrir fundi þar sem þar sem mikilvægt er að sveitarstjórn eða nefndir sitji eða sækji á fjarfundi til að afla sér upplýsinga eða fræðast um ákveðin mál. Nefndarmaður eða nefndin sjálf metur nauðsyn þess að sitja eða sækja slíka fundi. Einnig er greitt fyrir fundi ef sveitarstjórn eða nefndirnar sjálfar boða til slíkra funda að eigin frumkvæði til upplýsinga eða fræðslu s.s. íbúafundi. Formenn nefnda og oddviti fá greitt 100% álag vegna undirbúnings funda.

2. gr.

Vegna funda á vegum sveitarfélagsins utan þess, skal fulltrúum þess greitt sem svarar til 2,3% af þingfarakaupi fyrir hvern heilan dag. Fyrir fjarveru vegna fundar í hálfan dag eða allt að fjórar stundir skal greitt sem nemur hálfu gjaldi. Forsenda greiðslu er að sá/sú sem sækir slíka fundi skili inn fundargerð, öðrum gögnum eða láti launafulltrúa vita um fundinn til að halda utan um greiðslur vegna slíkra funda.

3.gr.

Greitt skal akstursgjald fyrir ferðir á fundi í sveitarstjórn, nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins innan þess. Ekki er greitt fyrir akstur á fundi innan 5km.

Ferðir og gisting vegna starfa eða funda í þágu sveitarfélagsins sem haldnir eru utan þess er greiddir af sveitarfélaginu skv. reglum um ferðakostnað ríkisstarfsmanna. Fari störf eða fundir fram utan sveitarfélagsins ber nefndarmönnum að taka bílaleigubíl sé þess nokkur kostur.

4.gr.

Fulltrúar í sveitarstjórn fá afhenta spjaldtölvu til afnota á meðan þeir gegna störfum sem kjörnir fulltrúar.

5.gr.

Þóknun samkvæmt þessum reglum skal endurskoða ef þurfa þykir í upphafi hvers almanaksárs. Þó breytast greiðslur samkvæmt vísitölu ætíð um hver áramót.

Þannig samþykkt á fundir sveitarstjórnar 05.10.2023

Björn S. Lárusson
sveitarstjóri